

Leikskólinn Höfðaberg

Heiti fundar

1. Fundur Foreldraráðs Höfðabergs

Dagsetning 16.10.2023	Fundarstaður Höfðaberg	Fundarritari Lína Sigríður Hreiðarsdóttir
Viðstaddir	Leikskólastjóri: Tinna Rún Eiríksdóttir og Lína Sigríður Hreiðarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri. Foreldraráð: Sigurlaug, Vala, Jóhann, Sunna og Bryndís	
Fjarverandi	Allir mættir	

Dagskrá fundar, umræður og ákvarðanir

Stofnfundur foreldraráðs. Höfðaberg búin að vera stakstæð stofnun síðan 1. júlí 2023 og er því ekki lengur hluti af Lágafellsskóla. Síðustu ár hefur skólaráð Lágafellsskóla sinnt hagsmunum beggja stofnana.

Hvert er hlutverk foreldraráðs Höfðabergs: Foreldraráð fer m.a. yfir ýmsar áætlanir leikskólans til samþykktar. Skóladagatal er lagt fyrir foreldraráð til samþykktar. Foreldraráð er ætlað að hafa aðhald að öllu starfi leikskólans. Umræður um leikskólastarfið og ábendingar frá foreldrum ræddar á fundum.

Farið yfir starfsáætlun Höfðabergs 2023-2024. Foreldraráðið fékk hana senda fyrir fundinn til að kynna sér. Foreldraráðið samþykkir starfsáætlun. Starfsáætlun verður sett á heimasíðu að fundi loknum.

Foreldraráði kynnt að Mosfellsbær muni hætt að nota karellen kerfið um áramót og að Vala taki við.

Starfsmannamál: Farið yfir stöðu starfsmannamála á Höfðabergi

Strætóferðir: Ábending barst frá foreldri þar sem óskað var eftir því að strætómál leikskólabarna yrðu rædd. Hingað til hafa allir árgangar farið í strætóferðir, 3 ára og 4 ára innanbæjar og 5 ára hafa líka farið til Reykjavíkur

Mikilvægt að leikskólinn kanni meðal foreldra hvort þeir gefi samþykki sitt fyrir að barnið sitt fari í strætó. Ef foreldrar gefa ekki samþykki þá er mikilvægt að deildarstjórar láti vita tímanlega af ferðum svo foreldrar hafi tækifæri til að keyra barnið sitt.

Starfsmaður sem fer með börn í strætó, taki samtalið við bílstjórana um að aka varlega og gefa öllum tækifæri á að setjast áður en lagt er af stað.

Næsti fundur áætlaður í lok nóvember. En gert er ráð fyrir 4-5 fundum yfir skólaárið.